



**BS ritgerð**  
**í viðskiptafræði**

**Efling fjármálalæsis**  
Staða, lausnir og úrbætur

Halla Eyjólfsdóttir

Leiðbeinandi: Þóra Christiansen, aðjúnkt

Viðskiptafræðideild

Júní 2012



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Efling fjármálalæsis**  
***Staða, lausnir og úrbætur***

Halla Eyjólfsdóttir

Lokaverkefni til BS-gráðu í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Þóra Christiansen, aðjúnkt

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Efling fjármálalæsis.

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BS prófs við  
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2012 Halla Eyjólfsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2012

## Formáli

Ritgerð þessi, Efling fjármálalæsis - staða, lausnir og úrbætur, er lokaverkefni í Viðskiptafræði við Háskóla Íslands og er hún 12 einingar. Við gerð ritgerðarinnar leitaði ég til Breka Karlssonar, forstöðumanns Stofnunar um fjármálalæsi, og veitti hann mér heilmikla hjálp og upplýsingar og vil ég þakka honum fyrir það. Einnig vil ég þakka Þóru H. Christiansen, leiðbeinanda mínum, fyrir stuðning, góð ráð og aðstoð, ásamt því að þakka Jóhanni Frímanni íslenskufræðingi fyrir hjálp við uppsetningu og málfar. Að lokum vil ég þakka foreldrum mínum og Óttari Má Halldórssyni fyrir stuðning og ómælda þolinmæði á meðan á skrifunum stóð, sem og í náminu öllu.

## Útdráttur

Árið 2009 var gefin út skýrsla á vegum fjármálaráðherra, þar sem fram komu niðurstöður könnunar um ástandið í fjármálalæsi á Íslandi. Fjármálalæsi er skilgreint á eftirfarandi hátt: „Fjármálalæsi er getan til að lesa, greina, stjórna og fjalla um fjármálalega þætti sem hafa áhrif á efnahagslega velferð einstaklings.“ Í skýrslunni kemur fram að fjármálalæsi mætti vera betra og að slæmt fjármálalæsi hafi margvísleg áhrif.

Margar tillögur hafa verið lagðar fram til úrbóta, meðal annars af hálfu Viðskiptaráðuneytisins og Stofnunar um fjármálalæsi. Einnig hefur Fjármálaskólinn, þróunarvinna Skólavefsins, gefið út námsefni og verið með námskeið til þess að vinna að þessum úrbótum.

Rannsóknin í þessari ritgerð var unnin út frá þeirri forsendu að fjármálalæsi væri talið mikilvægt í aðalnámsskrá framhaldsskóla. Markmiðið með rannsókninni var að varpa ljósi á stöðu kennslu í fjármálalæsi innan framhaldsskólanna. Með þeim upplýsingum sem lágu fyrir, var ályktun rannsakanda sú að fjármálalæsi væri ekki orðið að skyldufagi innan framhaldsskólanna. Það væri samt sem áður tekið smávægilega fyrir og þá helst í lífsleikniáföngum.

Þegar litið er til þess að nemendur, kennarar og foreldrar vilja fræðast um fjármálalæsi og vandræðagangskólanna við að finna hvaða námsefni henti þar best, þá er kjörið að skoða hið skemmtilega nám sem Aflatoun býður upp á. Aflatoun er félags- og fjármálanámsefni fyrir börn á aldrinum 6-14 ára. Þar eru börnin frædd um mannréttindi, skyldur og réttindi og ýmislegt um fjármál. Einnig eru þau hvatt til frumkvöðlastarfsemi og ýtt undir það að þau stofni sitt eigið fyrirtæki sem stuðli að því að bæta samfélagið.

Ásamt því að skoða þær leiðir sem standa til boða í kennslu fjármálalæsis þá er einnig skoðað þær ástæður hvers vegna kennsla fjármálalæsis ætti ekki að fara fram.

## Efnisyfirlit

Myndaskrá .....	7
1 Inngangur.....	8
2 Fjármálalæsi.....	9
2.1 Fjármálalæsi á Íslandi .....	9
2.2 Skýrsla nefndar á vegum fjármálaráðherra.....	12
3 Úrbætur .....	15
3.1 Stofnun um fjármálalæsi .....	15
3.1.1 Umræður og athafnir .....	16
3.1.2 Menntun .....	17
3.1.3 Rannsóknir .....	17
3.2 Viðskiptaráðuneytið .....	18
3.3 Fjármálaskólinn .....	19
4 Kennsla fjármálalæsi í framhaldsskólum .....	21
4.1 Skilgreining á vandamáli.....	21
4.2 Aðferðir og hönnun rannsókna.....	21
4.2.1 Aðferð .....	21
4.2.2 Hönnun.....	22
4.3 Greining gagna og úrvinnsla .....	23
4.4 Niðurstöður .....	23
4.5 Frekari niðurstöður.....	23
4.6 Ályktanir og tillögur .....	25
4.7 Takmarkanir.....	26
5 Aflatoun .....	27
5.1 Hvaðan kemur Aflatoun? .....	27

5.2	Um hvað snýst Aflatoun? .....	28
5.3	Þróun Aflatoun á Íslandi .....	30
6	Er menntunin nóg? .....	32
7	Niðurstöður og umræða .....	34
8	Lokaorð .....	36
	Heimildaskrá .....	38
	Viðauki A - Spurningalisti .....	41

## Myndaskrá

Mynd 1: Meðaltöl fjármálalæsis og í þeim flokkum sem mynda fjármálalæsi fyrir árin 2005 og 2009 .....	11
Mynd 2: Þjálfunartréð .....	30

## 1 Inngangur

Árið 2009 var gefin út skýrsla á vegum fjármálaráðherra, þar sem fram komu niðurstöður könnunar um ástandið í fjármálalæsi á Íslandi. Í skýrslunni kemur fram að fjármálalæsi mætti vera betra og að slæmt fjármálalæsi hafi margvísleg áhrif. Það er mikilvægt að vera fjármálalæsi til þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir um fjármál, gera raunhæfar væntingar um eigið fjárhagslegt sjálfstæði og hafa stjórn á innri þáttum fjármálalæsis svo ytri þættirnir skipti minna máli (Breki Karlsson, 2010). Það fjármálaumhverfi sem við hrærumst í er orðið miklu flóknara en áður var og því er þetta enn mikilvægara. Mikil umræða hefur verið um fyrr nefnda skýrslu. Í fjölmiðlum hafa birst fyrirsgagnir eins og: „Íslendingar fá falleinkunn í fjármálalæsi“ (Morgunblaðið, 2009) og spyrja má hvað verið sé að gera til þess að sporna við þessu. Fram kemur að fjármálalæsi er lakast hjá tekjulitlum einstaklingum og þeim sem eru með minni menntun. Margar tillögur um úrbætur koma fram í skýrslunni og áhugavert væri að skoða hvort verið sé að vinna að þeim. Í skýrslunni er talað um að mikilvægast sé að auka fræðslu Íslendinga á fjármálalæsi í menntakerfinu. Í dag er fjármálalæsi komið inn í aðalnámskrá framhaldsskóla (Menntamálaráðuneytið, 2011) og fróðlegt væri að skoða hvort um markvissa kennslu sé að ræða í þeim málum.

Mikið námsefni er til um fjármálalæsi, eins og til dæmis Aflatoun. Aflatoun kennir börnum bæði félagslega- og fjármálaþætti, þar sem námsefnið snýr að því að rannsaka sjálfan sig og umhverfið. Áhuginn á fjármálalæsi hefur vaknað hjá bæði nemendum, foreldrum og kennurum og þess vegna er mikilvægt að vinna að þeim úrbótum sem hafa verið lagðar til á meðan áhuginn er til staðar.



## 2 Fjármálalæsi


Fjármálalæsi er mikilvægt í daglegu lífi okkar. Það að vera fjármálalæsi er áunninn hæfileiki en fjármálalæsi er skilgreint á eftirfarandi hátt: „Fjármálalæsi er getan til að lesa, greina, stjórna og fjalla um fjármálalega þætti sem hafa áhrif á efnahagslega velferð einstaklings“ (Breki Karlsson, 2010, bls. 2). Fjármálalegu þáttunum má skipta í innri og ytri þætti, en það verður að gera sér grein fyrir því að aðeins er hægt að hafa áhrif á þá innri. Innri þættirnir eru þekking, hegðun og viðhorf. Ytri þættirnir eru verðtrygging, verðbólga, vextir, gengi krónunnar, launaþróun, stöðugleiki og atvinna. Með því að efla innri þættina, skipta þeir ytri minna máli (Breki Karlsson, 2010).

### 2.1 Fjármálalæsi á Íslandi

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og Evrópusambandið (ESB) hafa síðustu ár lýst yfir áhyggjum sínum af slæmu fjármálalæsi neytenda. Þessar stofnanir vöktu athygli á því hversu mikilvægt væri að bæta fjármálalæsi og þá sérstaklega hjá börnum og unglingum (Viðskiptaráðuneytið, 2009). Í framhaldi af þessu skipaði viðskiptaráðherra nefnd árið 2008 til þess að kanna stöðu fjármálalæsis á Íslandi. Rannsókn var gerð fyrir hönd viðskiptaráðuneytisins á vegum Stofnunar um fjármálalæsi og Rannsóknar og greiningar. Tekið var tilviljanaúrtak 966 Íslendinga á aldrinum 18-80 ára. Það var góð dreifing á milli kyns og búsetu og svarhlutfallið var um 65%. 44 spurningar voru lagðar fyrir; þær skiptust í þekkingarspurningar, spurningar um hegðun, spurningar um viðhorf og svo bakgrunnsspurningar. Enginn einstaklingur svaraði öllum þekkingarspurningunum rétt og var meðaleinkunn svarenda aðeins 5,3 (Breki Karlsson og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2009). Í rannsókninni kom fram að það var marktækur munur á niðurstöðum úr þekkingarspurningum eftir menntun og tekjum svarenda. Þeir sem höfðu aðeins lokið framhaldsskóla eða grunnskólaprófi skoruðu að meðaltali marktækt lægra en þeir sem höfðu lokið háskólaprófi. Einnig var marktækur munur á niðurstöðum á milli hópa tekjulágra og þeirra sem voru tekjuhærri. Þeir sem voru tekjuhærri skoruðu að meðaltali hærra í þekkingarspurningunum en hinir. Einnig kom fram í könnunni að karlar skoruðu marktækt hærra en konur og þeir sem voru giftir eða í sambúð skoruðu marktækt hærra en einhleypir. Í spurningunum um hegðun kom fram að 37%

einstaklinga eru með nýtt yfirdráttarheimild. Meðaltal yfirdráttarheimildanna var 353.267 kr. Niðurstöður í rannsókninni sýndu einnig fram á það að flestir höfðu aflað sér upplýsinga um fjármál innan fjölskyldunnar. Þar á eftir komu þeir sem höfðu aflað sér upplýsingar um fjármál í gegnum fjölmiðla. En aðeins 4,6% þátttakenda nefndu skóla í þessu samhengi (Viðskiptaráðuneytið, 2009).

Svipuð rannsókn var gerð á meðal framhaldsskólanema árið 2005. Rannsóknin var framkvæmd af Breka Karlssyni og var unnin sem lokaverkefni BSc náms í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Þar var úrtakið 658 18 ára nemar úr 15 íslenskum framhaldsskólum. Spurningar voru þá aðlagðar að þeirri þekkingu sem 18 ára framhaldsnemi ætti að búa yfir í fjármálum. Þar kom í ljós að fjármálakunnátta nemenda var ekki góð. Til dæmis voru þeir sem unnu meira með námi, fjármálalæsari en þeir sem unnu minna. Einnig var marktækur munur á nemendum eftir því hver aðalviðskiptabanki þeirra var. Þrátt fyrir þessa frammistöðu hafði tæplega helmingur svarenda mikinn eða mjög mikinn áhuga á frekari fræðslu um fjármál (Stofnun um fjármálalæsi, e.d.-a). Samanburðarrannsókn var svo gerð árið 2009 og voru niðurstöður svipaðar. Sú rannsókn var framkvæmd af Hugrúnu Esteri Sigurðsdóttur og Vordísi Svölu Jónsdóttur og var hún unnin sem lokaverkefni BSc náms í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Þar komi í ljós að nemendur voru enn ekki nægilega vel að sér í fjármálum (Viðskiptaráðuneytið, 2009). Þó var jákvæður munur milli ársins 2005 og ársins 2009 og eflaust er hægt að rekja það til þeirra miklu umræðu sem var hér á landi í kjölfar efnahagshrunsins (Vordís Svala Jónsdóttir, Hugrún Ester Sigurðardóttir, Haukur Freyr Gylfason og Kári Kristinsson, 2009, bls. 197). Erlendar rannsóknir sýna þó að fjármálalæsi hafði dalað á umræddu tímabili og er það því öfugt við rannsókn þessa. Dæmi um það er rannsókn Jump\$start sem gerð var í Bandaríkjunum. Jump\$start kannaði fjármálalæsi framhaldsskólanema á tímabilinu 1997-2008 og sýnir hún fram á neikvæða breytingu á fjármálalæsi (Cory og Pickard, 2008). Einnig sýndi fyrirnefnd samanburðarrannsókn að þeir sem höfðu fengið kennslu í fjármálum (viðskiptafræðinemar í framhaldsskólunum) voru með betra fjármálalæsi en þeir sem höfðu ekki fengið þessa menntun. Þótt fjármálalæsi hefði batnað í heild sinni á milli árunna, þá gilti það ekki um alla flokkana eins og má sjá á mynd 1 (Vordís Svala Jónsdóttir, Hugrún Ester Sigurðardóttir, Haukur Freyr Gylfason og Kári Kristinsson, 2009, bls. 197).



**Mynd 1: Meðaltöl fjármálalæsis og í þeim flokkum sem mynda fjármálalæsi fyrir árin 2005 og 2009 (Vordís Svala Jónsdóttir, Huguín Ester Sigurðardóttir, Haukur Freyr Gylfason og Kári Kristinsson, 2009, bls. 196).**

Vegna flokksins Fjármál voru lagðar fram 10 spurningar varðandi eftirfarandi þætti:

- Fjármál
- Tilgang fjárhagsáætlunar
- Gjaldyrishugtök
- Kaupmáttur launa
- Fjármálastjórn
- Almennt verð á bíomiða
- Verðlag í kvikmyndahúsum
- Nasdaq
- Neysluverðsvísitölu
- Verðmæti útflutnings

Þó að kunnáttan í þessum flokki virðist hafa aukist á milli ára, kom í ljós að nemendur höfðu minni kunnáttu í ýmsum þáttum eins og varðandi tilgang fjárhagsáætlunar og verðmæti útflutnings.

Vegna flokksins Sparnaður og lántökur voru lagðar fram 10 spurningar varðandi eftirfarandi þætti:

- Vaxtavextir
- Ávöxtunarmöguleika
- Áhættumat ávöxtunar
- Bindiskyldu ávöxtunar
- Lánveitendur til íbúðakaupa
- Fit kostnaður
- Ábyrgð ábyrgðaraðila
- Gengistryggð lán
- Neyslulán
- Mikilvægi lífeyrissparnaðar.

Aukning var í öllum flokkunum nema í Ávöxtunarmöguleika og Mikilvægi lífeyrissparnaðar, sem lækkuðu.

Vegna flokksins Skattar voru lagðar fram 10 spurningar varðandi eftirfarandi þætti:

- Skattskil einstaklinga
- Persónuafsláttur
- Afleiðingar „svartrar vinnu“
- Reglur um skattskil einstaklinga
- Virðisaukaskattur
- Varðveisla bókhaldsgagna
- Skattframtal einstaklinga
- Fjármagnstekjuskattur
- Tekjuskattur
- Útsvar

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu um svonefnda svarta vinnu sem getur verið ástæða þess að nemendur virtust gera sér grein fyrir afleiðingum svartrar vinnu, en það var ein af þeim þrem spurningum sem hækkuðu á milli rannsókna í flokknum Skattar. Vegna flokksins Réttindi og skyldur voru lagðar fram níu spurningar varðandi eftirfarandi þætti:

- Skyldutrygging bíleigenda
- Kaupalög
- Fasteignaviðskipti
- Launþegi vs. verktaki
- Réttindi við 18 ára aldur
- Fæðingarorlof
- Lífeyrissjóðir
- Réttindi verktaka
- Tvísköttunarsamningur EES

Í flokknum Réttindi og skyldur var mikil aukning og nemendum gekk betur í öllum spurningum í þessum flokki (Vordís Svala Jónsdóttir, Hugrún Ester Sigurðardóttir, Haukur Freyr Gylfason og Kári Kristinsson, 2009, bls. 195).

## 2.2 Skýrsla nefndar á vegum fjármálaráðherra

Jafnframt því að kanna stöðu fjármálalæsis, skipaði viðskiptaráðherra nefnd, þann 13. ágúst 2008, til þess að skoða aðstæður héraendis og gefa skýrslu um þær. Þetta var gert til þess að meta þörfina á aðgerðum til þess að bæta skilning almennings á þjónustu fjármálafyrirtækjanna. Í nefndinni sátu sex einstaklingar sem komu víðs vegar að úr atvinnulífinu og skýrsla hennar kom út í febrúar 2009 (Viðskiptaráðuneytið, 2009).

Í skýrslunni var greint frá niðurstöðum rannsóknar Breka Karlssonar og Bryndísar Bjarkar Ásgrímsdóttur, þar sem kom fram að þekking á hugtökum og eðli fjármála væri ekki nægjanlega góð hjá Íslendingum. Fjármálalæsi væri sérstaklega ábótavant á meðal tekjulægstu hópa og þeirra sem hefðu litla menntun. Erlendar rannsóknir sýna svipaðar niðurstöður (Viðskiptaráðuneytið, 2009). Í skýrslum OECD koma fram nokkrir þættir varðandi það hvers vegna neytendur skorti skilning á þeirri fjármálaþjónustu sem í boði er (OECD, 2005). Í fyrsta lagi var mun auðveldara að stofna til skulda á þessu tímabili (árið 2003 - 2007) því kaupmáttur jókst. Aðgangur að ódýru lánsfjármagni varð þá greiðari og möguleikarnir fyrir neytendur miklir. Neytendur átta sig oft ekki á því hversu mikið kostar að taka lán (Viðskiptaráðuneytið, 2009). Þegar ákveðnir atburðir eiga sér stað, svo sem vinnumissir, dauðsfall eða jafnvel að það kreppi almennt að í samfélaginu, þá er erfiðara að standa undir þeirri greiðslubyrði sem lagt var af stað með í byrjun. Í öðru lagi eru fjárfestingar orðnar flóknari og ólíkari hver annarri. Þess vegna er erfiðara að taka ákvarðanir um alla þá fjárfestingarkosti sem standa til boða og skilja þá áhættu og skilmála sem þeim fylgja. Í þriðja lagi er mun auðveldara að kaupa ýmsar vörur með tilkomu Internetsins. Þar eru auglýsingar sérsniðnar að neytendum og því auðveldara að falla í freistni. Í dag er mjög einfalt að greiða fyrir vörur með kreditkorti og þetta getur orðið vítahringur, bæði fyrir unglunga og fullorðna. Í takt við aukningu á sölu á Internetinu hefur fjárfestingum fjölgað. Það getur verið erfitt að átta sig á því hverjir eru að stunda slík viðskipti og hverjir ekki. Síðast má einnig nefna það að lífeyrissparnaður hefur í vaxandi mæli færst frá vinnuveitendum og yfir á starfsmenn (OECD, 2005). Vegna þessa hafa margir vakið athygli á mikilvægi fjármálalæsis og OECD hefur komið upp tengslaneti á milli aðildarríkja svo þau geti miðlað þekkingu og skipst á upplýsingum. Viðskiptaráðuneytið er aðili að þessu tengslaneti. Einnig hafa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins stofnað ráðgjafanefnd sem á að stuðla að betri miðlun upplýsinga til neytenda með því að fjalla sérstaklega um fjármálalæsi og hvernig megi bæta það í aðildaríkjum Evrópusambandsins. Það er mjög mikilvægt að auka þekkingu neytenda á fjármálaþjónustu, svo þeir átta sig á þeim áhættum sem fylgja mismunandi lántökum og hvaða sparnaðarleiðir eru hagstæðastar.

Það skiptir verulegu máli að geta tekið upplýstar ákvarðanir um eigin fjárhag, þar sem ekki er nóg að vita að peningar séu greiðslumiðill (Jón S. Karlsson, 2009). Það þarf einnig að þekkja það gríðarlega úrval fjármálaþjónustu sem stendur til boða. Orðið

fjármálaþjónusta kemur oft fram í þessari ritgerð og þá er verið að vísa í: „Alla þá valskosti sem bjóðast einstaklingum í viðskiptum við banka og önnur fjármálafyrirtæki, s.s. Lánakjör, sjóði, lífeyrissparnað, debet- og kreditkort, skuldabréf, yfirdrátt, tryggingar o.s.frv.“ (Viðskiptaráðuneytið, 2009). Fjármálamarkaðurinn er oft mjög flókinn og því er þörf á meiri hlutlausum upplýsingum, eins og frá menntastofnunum, til þess að auka fjármálalæsi Íslendinga (Viðskiptaráðuneytið, 2009).

Menntun í fjármálalæsi er ákveðið ferli. Á fyrsta stigi ferlisins fá einstaklingar betri skilning á þeim hugtökum sem tengjast fjármálum, valmöguleikum sem standa til boða í fjármálaþjónustu og á áhættu í fjármálaviðskiptum. Á öðru stigi öðlast einstaklingar hæfni til þess að vera meðvitaðir um þær hættur sem leynast í fjármálum og eru færari um það að taka upplýstar ákvarðanir. Á síðasta stiginu læra svo einstaklingar að þekkja þau tækifæri sem eru bjóðast til þess að auka hagsæld sína og vitneskju um hvar helst er að finna hlutlausa upplýsingar um fjármálaviðskipti. Þegar einstaklingar fylgja þessum þrepum, þá eykst fjármálalæsi þeirra og í kjölfarið geta líf skjör þeirra batnað (OECD, 2005). Því miður er alltof lítil fræðsla á vegum hlutlausra aðila fyrir neytendur og er fræðslunni á heimasíðum fjármálafyrirtækjanna dreift á marga mismunandi staði. Það getur því reynst erfitt fyrir neytendur að nálgast upplýsingarnar og óvísst hvort þær skili sér yfirhöfuð (Viðskiptaráðuneytið, 2009). Því er þörf á aðgerðum vegna þessa.

### 3 Úrbætur

Fjármálalæsi hefur verið töluvert í umræðunni bæði í fjölmiðlum og á Alþingi (Magnús Orri Schram, 2011). Vegna þessa var gerð rannsókn á fjármálalæsi á Íslandi og sú rannsókn, ásamt öðrum eldri bendir til þess að fjármálalæsi Íslendinga sé ekki nægjanlega gott (Viðskiptaráðuneytið, 2009). Margar tillögur hafa verið lagðar fram til úrbóta, meðal annars af hálfu Viðskiptaráðuneytisins (Viðskiptaráðuneytið, 2009) og Stofnunar um fjármálalæsi (Stofnun um fjármálalæsi, e.d.-b). Þær úrbætur hafa meðal annars falist í því að setja fjármálalæsi sem skyldu í grunn- og framhaldsskóla, stjórnvöld hafa beitt sér fyrir námsefnisgerð í fjármálafræðslu fyrir börn og ungmenni og í meiri umræðu um fjármálalæsi (Viðskiptaráðuneytið, 2009). Einnig hefur Fjármálaskólinn, þróunarvinna Skólavefsins, gefið út námsefni og verið með námskeið til þess að vinna að þessum úrbótum (Fjármálaskólinn, e.d.).

#### 3.1 Stofnun um fjármálalæsi

Stofnun um fjármálalæsi var sett á laggirnar af Háskólanum í Reykjavík. Stofnun um fjármálalæsi er ætlað að vera þekkingarbrunnur, þar sem unnið er úr upplýsingum um fjármálalæsi og þeim miðlað áfram (Viðskiptaráðuneytið, 2009). Forstöðumaður stofnunarinnar er Breki Karlsson. Stofnun um fjármálalæsi á að stuðla að því að einstaklingar fái betri yfirsýn yfir fjármálin og geti þannig mótað fjárhagslega framtíð sína (Stofnun um fjármálalæsi, e.d.-b). Stofnunin tekur þó fram að það að vera fjármálalæsi snúist ekki um það að vita allt sem tengist fjármálum. Fjármál séu sífelldum breytingum háð og því endalaust hægt að bæta við sig þekkingu (Breki Karlsson, 2010). Staða einstaklinga er einnig breytileg eftir því hvar þeir eru staddir í lífinu, hvort þeir eru nýkomnir út á vinnumarkaðinn, eru að fara kaupa sína fyrstu eign, eru að fara taka sitt fyrsta lán o.s.frv.

Markmið stofnunarinnar eru þau að Íslendingar;

- getið tekið upplýstar ákvarðanir er varða efnahagslega velferð sína og hugsað fyrir ólíkum þörfum eftir æviskeiðum,
- verði meðvitaðir um árangursríkar leiðir í stjórnun eigin fjármála og sníði sér stakk eftir vexti,

- hafi ástæðu til þess að vera ánægðir með fjárhagslegar ákvarðanir sínar og dragi þannig úr fjárhagáhyggjum,
- búi í haginn fyrir efnahagslega velferð sína og þar með lífshamingju (Stofnun um fjármálalæsi, e.d.-b).

Til þess að ná þessum markmiðum stendur Stofnun um fjármálalæsi fyrir þjóðarátaki í fjármálalæsi. Það er gert á þremur sviðum. Með umræðum og athöfnum, menntun og rannsóknum.

### **3.1.1 Umræður og athafnir**

Umræðurnar hafa verið til þess að vekja athygli á málstaðnum. Frá því í byrjun nóvember 2011 var forstöðumaður Stofnunarinnar um fjármálalæsi, Breki Karlsson, með vikulega útvarpspistla um fjármálalæsi í þættinum Samfélaginu í nærmynd á Rás 1 (Stofnun um fjármálalæsi, e.d.-b). Þar ræddi Breki meðal annars um hvað fjármálalæsi snýst. Fjármálalæsi snýst um að taka upplýstar ákvarðanir og að fjármálalæsi byggji á þekkingu, viðhorfi og hegðun. Breki vakti athygli á erlendum rannsóknum sem hafa verið gerðar á fjármálalæsi þar sem sýnt hefur verið fram á að því fjármálalæsara sem fólk er því mun betri ákvarðanir tekur það og því ánægðara verður það með ákvarðanir sínar. Breki ræddi einnig um mikilvægi þess að koma fjármálalæsi inn í menntakerfi landsins. Íslendingar eru ekkert aftarlega í fjármálalæsi miðað við aðrar þjóðir, en þegar kemur að hegðun þá taka Íslendingar síðri ákvarðanir í fjármálaum en aðrar þjóðir þess (Breki Karlsson, 2011).

Fjármálalæsi hefur verið rannsakað mikið og skiptast rannsakendur algjörlega í tvö horn varðandi álit sitt á gagnsemi þess (Breki Karlsson, 2011). Rannsakendur eru þó flestir sammála um mikilvægi þess að leggja fyrir, seinkaða umbun og það að börn læri af hegðun foreldra sinna í fjárhagsefnum. Því sé mikilvægt að foreldrar séu góðar fyrirmyndir, temji sér seinkaða umbun, það er safni sér fyrir hlutum en kaupi þá ekki strax, og leggi fyrir, því þá sé líklegra að börnin taki þá hegðun upp. Breki ræddi einnig um ýmislegt þessu tengt, sem snertir allar fjölskyldur, eins og jólahaldið og hvað væri hægt að gera til að eiga fyrir jólnum í stað þess að safna skuldum á greiðslukort. Einnig var rætt um mikilvægi þess að leggja fyrir til framtíðar, lífeyrissparnað o.fl. Breki svaraði einnig ýmsum spurningum hlustenda um fjármál. Stofnunin um fjármálalæsi er því með ýmsum hætti að skapa vakningu um fjármál í samfélaginu (Breki Karlsson, 2011). Þá



hefur stofnunin gangrýnt þau áhættusömu lán sem eru í boði á fjármálamörkuðum og til dæmis bent á skaðsemi smálána (Gunnhildur Steinarsdóttir, 2012).

### 3.1.2 Menntun

Ásamt því að vekja upp umræður um fjármálalæsi hefur stofnunin gefið út bók til þess að fræða unglinga um fjármálalæsi. Bókin var gefin út í samstarfi við Arion banka. Bókin heitir *Ferð til fjár* og er leiðarvísir um fjármál fyrir ungt fólk (Breki Karlsson, 2010). Allir viðskiptavinir Arion banka fá þessa bók að gjöf þegar þeir verða 18 ára (Guðrún Sigurbjört Eggertsdóttir munnleg heimild, 12. mars 2012). Bókin skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kaflanum er fjallað um það hvar einstaklingurinn er staddur nú, um fjármálalæsi, bókhald og hvað felst í því að verða fjárráða. Annar kaflinn fjallar um það hvert einstaklingurinn vill fara. Hvaða markmið hann getur sett sér og viðhorf hans til peninga. Þriðji kaflinn fjallar um það hvernig einstaklingurinn getur komist á þann stað sem hann vill fara á. Hvernig á að ná settum markmiðum í fjármálum og hvernig er skynsamlegast að haga sér í fjármálum. Fjórði og næstsíðasti kaflinn fjallar um áfanga, sigra og skelli á lífsleiðinni og hvernig er best að undirbúa sig undir það. Þar er fjallað um þær áskoranir sem fylgja mismunandi æviskeiðum og áföngum á lífsleiðinni, svo sem unglingsárin, námsárin, sambúðina, foreldrahlutverkið, starfsframann, íbúðarkaupin og efri árin. Síðasti kaflinn heitir „Veganesti“ og þar er fjallað um muninn á sparnaði og fjárfestingu, muninn á góðum og slæmum lánum, hvernig sé best að takast á við skuldavandamál og hvernig gjaldprot gengur fyrir sig (Breki Karlsson, 2010). Í bókinni eru einnig ýmis verkefni til þess að leysa. Bókin er mjög auðlesin og höfðar vel til unglinga á þessum aldri.

Auk þess að hafa gefið út bókina *Ferð til fjár* hefur Breki Karlsson einnig verið með ýmis námskeið á vegum stofnunarinnar, þar sem hann fer yfir þau grundvallaratriði sem skipta máli í fjármálum heimilanna (Arion banki, 2010). Einnig er Stofnun um fjármálalæsi með námskeið og sérhæfða ráðgjöf fyrir einstaklinga um land allt (Stofnun um fjármálalæsi, e.d.-b).

### 3.1.3 Rannsóknir

Rannsóknir eru þriðja sviðið sem Stofnun um fjármálalæsi leggur áherslu á í þjóðaráttakinu. Stofnunin hefur gert rannsóknir hérlendis, til dæmis í samstarfi við Rannsóknir og greiningu. Einnig hefur stofnunin verið í samstarfi við háskóla erlendis. Með þessu er hún að safna sérþekkingu á sviði fjármálalæsis (Stofnun um fjármálalæsi, e.d.-b). Stofnunin hefur einnig

framkvæmt rannsóknir fyrir íslensk stjórnvöld, eins og var gert árið 2009, þegar hún mældi ástand fjármálalæsis hérlendis (Breki Karlsson munnleg heimild, 6. mars 2012). Í dag eru Breki Karlsson og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir að vinna í greiningu á samanburðarrannsókn og vonandi munu niðurstöður hennar verða tilbúnar á næstu vikum (Breki Karlsson munnleg heimild, 21. mars 2012).

### **3.2 Viðskiptaráðuneytið**

Í skýrslunni um stöðu fjármálalæsis á Íslandi birtast nokkrar tillögur nefndarinnar um úrbætur. Þar er tekið fram að þörf sé á því að stjórnvöld setji fram stefnu- og aðgerðaáætlun til þess að auka fjármálalæsi. Áætlunin þyrfti að vera með greinargóðri skilgreiningu á ferlinu og hver forgangsröðun verkefna ætti að vera. Tekið er fram að þetta sé verkefni til langs tíma og því sé mikilvægt að horfa til framtíðar. Lagt er til að ferlinu verði skipt niður í þrjá þætti; menntun, neytendur og fjármálafyrirtæki (Viðskiptaráðuneytið, 2009).

Í fyrsta kaflanum er fjallað um menntun og vakin athygli á því hversu nauðsynlegt það sé að fjármálalæsi verði skylda í aðalnámsskrá á grunn- og framhaldsskólastigi. Mikilvægt sé að koma inn fræðslu um fjármál í yngstu bekki grunnskólanna. Með því væri hægt að kenna börnunum að bera virðingu fyrir sparnaði og hvernig þau eigi að fara með peninga, sem sé grunnurinn að góðri fjármálahegðun. Þá er fjallað um það að þeir kennarar sem myndu sinna fjármálakennslu þyrftu að hafa greiðan aðgang að námsefni frá Menntamálaráðuneytinu og stjórnvöld verði að beita sér fyrir útgáfu slíks efnis. Einnig þyrftu kennarar að hafa aðgang að námskeiðum í fjármálalæsi, hvort sem það væri á háskólastigi eða í endurmenntun. Því næst er fjallað um mikilvægi þess að gera reglulegar mælingar á kennslu í fjármálalæsi til þess að kanna stöðu þess hverju sinni. Talið er æskilegt að sérfræðistofnanirnar veiti skólayfirvöldum upplýsingar um það hvað sé mikilvægast að leggja áherslu á við þær breytingar sem verða á efnahagsástandi landsins hverju sinni (Viðskiptaráðuneytið, 2009).

Í öðrum kaflanum er fjallað um neytendur. Þar er fjallað um það að meta þyrfti í samvinnu við samtök og stofnanir hvaða hópar þyrftu mest á fjármálalæsi að halda. Þá er rætt um að tryggja þyrfti gott aðgengi neytenda að hlutlausum upplýsingum frá traustum aðilum um breytingar í fjármálaþjónustu eða í hagkerfinu. Einnig að æskilegt sé að stjórnvöld styðji við bakið á þeim stofnunum og samtökum sem eru til staðar

ásamt því að veita fjármálafyrirtækjum aðhald. Þá er það nefnt að halda mætti úti heimasíðu sem bæri saman verð og þjónustu trygginga- og fjármálafyrirtækja. Fjallað er um það að rannsóknir séu mjög mikilvægar og brýnt að stjórnvöld hvetji til þeirra. Rannsóknir gætu meðal annars mælt og metið árangurinn af átaksverkefnum til þess að auka fjármálalæsi. Þá er rætt um að mikilvægt sé að stjórnvöld leggi fram skilgreiningu í lögum um hæfisskilyrði sjálfstætt starfandi fjármálaráðgjafa.

Í lokin er svo fjallað um fjármálafyrirtæki og sagt mikilvægt að hvetja starfsmenn fjármálafyrirtækja til þess að sækja sér endurmenntun til að auka kunnáttu þeirra (Viðskiptaráðuneytið, 2009).

### **3.3 Fjármálaskólinn**

Markmið Fjármálaskólans er að stuðla að bættu fjármálalæsi. Fjármálaskólinn er afrakstur tveggja ára þróunarvinnu Skólavefsins. Að Fjármálaskólanum standa Skólavefurinn og Daði Rafnsson. Skólavefurinn hefur vaxið jafnt og þétt frá því hann var stofnaður árið 2000 og er hann nú stærsti náms- og fræðsluvefur landsins. Daði Rafnsson er verkefnastjóri Fjármálaskólans. Hann er aðalhöfundur og ritstjóri námsefnisins. Fjármálaskólanum er ætlað að koma til móts við óskir kennara, á grunn- og framhaldsskólastigi, og foreldra um einfalda fjármálakennslu á mannamáli. Aðstandendur skólans eru þess fullvissir að ungmenni, foreldrar og samfélagið allt vilji bera ábyrgð á fjármálum sínum og fræðast meira um þau. Fjármálaskólinn leggur áherslu á það að bjóða upp á vandað námsefni sem er óháð styrkjum frá auglýsendum eða hagsmunahópum (Fjármálaskólinn, e.d.).

Fjármálaskólinn byggir á þremur meginstoðum. Fyrsta stoðin er bókin *Hvað kosta ég?* Þetta er rúmlega 70 blaðsíðna bók, þar sem kynnt eru helstu fjármálhugtök. Bókinni er ætlað að vekja áhuga ungs fólks á fjármálum með spennandi verkefnum og umræðum. Bókin hentar vel til kennslu í elstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla. Önnur stoðin er vefurinn [www.fjarmalaskolinn.is](http://www.fjarmalaskolinn.is). Þar er að finna ítarefni sem styður við bókina. Þar er einnig hægt að finna reiknivélar og ýmis myndbönd sem hægt er að nota til kennslu eða benda nemendum á, ef áhugi er fyrir hendi. Þriðja stoðin er þau námskeið sem Fjármálaskólinn býður upp á. Námskeiðin eru haldin í húsakynnum Skólavefsins og einnig er boðið upp á sérsniðin námskeið fyrir hópa, skóla, fyrirtæki og

stofnanir. Fjármálaskólinn býður einnig upp á námskeið fyrir kennara sem vilja auka enn frekar skilning sinn á fjármálum (Fjármálaskólinn, e.d.).

Ásamt þessu kennsluefni er til meira úrval sem hefur verið notast við í grunn- og framhaldsskólum. Eitt af því sem vakið hefur sérstaka athygli þar, er fjármála- og neytendafræðsluforritið „Fjárinn“ sem er sérhæft fyrir ungt fólk. Nemendur sem nota Fjárann fá allir USB lykil með forritinu. Í forritinu eru öll helstu hugtök fjármálaheimsins útskýrð í tengslum við líf ungs fólks og í því er einnig persónulegt bókhald sem hver og einn getur nýtt sér. Í forritinu er einnig hægt að reikna út til dæmis bílalán og eigin laun (Hitt húsið, e.d.).

Komið hafa fram tillögur um verulegar úrbætur varðandi fjármálalæsi, en þrátt fyrir skýrslu Viðskiptaráðuneytisins, þrýsting frá Stofnun um fjármálalæsi og áhuga almennings, þá er kennsla í fjármálalæsi enn ekki orðið að skyldufagi í skólum landsins (Menntamálaráðuneytið, 2011). Í grunnskóla eru ýmsar skyldunámsgreinar, eins og landafræði, stærðfræði og íslenska, sem nýtast okkur vel í daglegu lífi í samfélaginu. Fjármál eru ekki síður mikilvæg. Börn fara á vinnumarkaðinn áður en þau verða fjárráða og þurfa þá að vita hvernig á að fara með peninga, hvað eru skattar og hvernig eigi að lesa launaseðil. Börnin þurfa líka að læra hvað ber að varast í tengslum við fjármál. Það er því allt sem mælir með því að fjármál verði hluti af skyldunámsefni í skólum landsins.

## **4 Kennsla fjármálalæsi í framhaldsskólum**

### **4.1 Skilgreining á vandamáli**

Í umræddri skýrslu, sem gefin var út árið 2009 af viðskiptaráðuneytinu, er fyrsta tillagan sú, að til þess að stuðla að auknu fjármálalæsi Íslendinga séu fjármál og fjármálalæsi sett inn sem skyldufag í aðalnámskrá nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi (Viðskiptaráðuneytið, 2009).

Í nýjstu útgáfum námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla er talað um mikilvægi fjármálalæsis. Í námskrá grunn- og framhaldsskóla er kveðið á um mikilvægi fjármálalæsis. Þar er talað um þá mikilvægi þætti sem framleiðsla og neysla eru í hverju samfélagi og því þurfi skilningur að vera til staðar hjá einstaklingum á eigin efnahag. Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru einnig mikilvæg forsenda til þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð (Menntamálaráðuneytið, 2011).

Eins og fyrr er sagt, þá er fjármálalæsi nefnt í námskrám grunn- og framhaldsskólanna. Því var rannsóknin unnin út frá þeirri forsendu að fjármálalæsi væri talið mikilvægt í aðalnámskrá framhaldsskóla. Markmiðið með rannsókninni var að varpa ljósi á stöðu kennslu í fjármálalæsi innan framhaldsskólanna og sjá hvort kennslan væri í samræmi við aðalnámskrána og það sem í henni stendur. Hvort að kennslan væri skylda innan skólanna eða aðeins hluti af öðrum námskeiðum. Viðfangsefni rannsóknarinnar eru 30 framhaldsskólar á Íslandi.

### **4.2 Aðferðir og hönnun rannsókna**

#### **4.2.1 Aðferð**

Til þess að fá sem skýrasta mynd af því hvernig kennslu framhaldsskólanna er háttað í fjármálalæsi var gerð könnunarrannsókn (e. exploratory study). Könnunarrannsókn hentar vel þegar við vitum hvert vandamálið er en getum ekki skilgreint það (Yegidis og Weinbach, 2009). Ekki voru notuð fyrirbyggjandi gögn, heldur var gögnum safnað sérstaklega fyrir þessa rannsókn. Það var gert með viðtölum sem fóru fram í gegnum síma og spurningakönnunum sem voru sendar í tölvupósti. Spurningakönnunina má sjá í viðauka 1.

Við gerð rannsóknarinnar var notuð meginleg aðferð (e. quantitative studies). Meginleg aðferð er notuð til þess að safna saman tölulegum gögnum. Hún hentar vel til þess að fá yfirlit um viðhorf eða ákveðið hegðunarmynstur (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, e.d.) Stuðst var við tvenns konar gagnöflunaraðferðir. Annars vegar var sendur út tölvupóstur til viðkomandi eða hringt í hann úr síma. Símtölin voru hálfstöðluð (e. semi-structured) en með þeirri aðferð þá er útbúinn fyrirfram viðtalsrammi, þar sem rannsakandinn er með ákveðnar fyrirfram spurningar. Viðtalið er þó með frelsi og sveigjanleika til að hafa rúm fyrir eitthvað óvænt. Rannsakandinn festur sig ekki um of í spurningum sínum en heldur samt vel utan um viðtalið (Blumberg, Cooper og Schindler, 2005). Með hjálp vefs Menntamálaráðuneytisins var auðvelt að nálgast öll símanúmer framhaldsskólanna. Við gerð meginlegu rannsóknarinnar var notast við allt þýðið, það er alla framhaldsskóla Íslands. Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og Hússtjórnarskóli Reykjavíkur voru þó undanskyldir, því námsefni þeirra féll ekki að viðfangsefni rannsóknarinnar. Rannsakandi hringdi í framhaldsskólana og tölvupóstur var sendur á þá skóla sem svöruðu ekki til þess að fá frekari upplýsingar. Einnig voru heimasíður skólanna skoðaðar til þess að fá frekari upplýsingar.

#### **4.2.2 Hönnun**

Spurningakönnunin var hönnuð út frá því að varpa ljósi á það hvernig kennslu í fjármálalæsi væri háttað í framhaldsskólum. Samdir voru tveir spurningalistar. Annar spurningalistinn var ætlaður fyrir nemendur í skylduáfangum um fjármálalæsi. Það kom þó aldrei til þess að hann væri notaður. Hinn spurningalistinn var svo fyrir námsráðgjafa, áfangastjóra eða kennara skólans. Hann var með 13 spurningum. Fyrstu sex spurningar voru ætlaðar þeim framhaldsskólum sem eru með fjármálalæsi sem skyldufag. Seinni sjö spurningar voru svo ætlaðar þeim sem eru með fjármálalæsi inni í öðrum áföngum eða alls ekki. Spurningalistinn var forprófaður á þrem einstaklingum og eftir það var hann endurbættur. Spurningar voru yfirfarnar af Þóru Christiansen, aðjúnkt í viðskiptafræði, og frekari leiðréttingar gerðar í samræmi við athugasemdir hennar. Spurningalistinn var settur upp á skýran hátt til þess að koma í veg fyrir það að svarendur myndu mistúlka spurningar, en einnig gat rannsakandi útskýrt þær símleiðis þar sem það átti við. Spurningakönnunin stóð yfir 28-30. mars 2012.

### 4.3 Greining gagna og úrvinnsla

Spurningalisti könnunarinnar var unninn í ritvinnsluforritinu Microsoft Word. Einnig var unnið með töflureiknisforritið Excel þar sem hver skóli fékk sinn reit til þess að auðvelda úrvinnslu gagnanna seinna meir. Á meðan á könnuninni stóð voru svörin skráð niður í töflureiknisforritið Excel. Vegna einfaldleika könnunarinnar þótti ekki ástæða til þess að notast við tölfræðiforrit á borð við SPSS.

### 4.4 Niðurstöður

Könnunin var gerð til þess að varpa ljósi á kennslu í fjármálalæsi í framhaldsskólum vegna fullyrðingarinnar: „Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð“ (Menntamálaráðuneytið, 2011). Lagt var upp með það að hringja í alla framhaldsskólanna, en í ljós kom að Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og Hússtjórnarskólinn í Reykjavík voru ekki með námsefni sem tengdist efni þessarar könnunar og því eru þeir ekki með. Af þeim 31 skólum sem var hringt í fengust aðeins 11 svör símleiðis. Því var svarhlutfallið aðeins 35%. Sjö skólar bentu á það að senda tölvupóst á námsráðgjafa eða kennara en engin svör höfðu borist fyrir úrvinnslu þessarar rannsóknar. Vegna þess hve svarhlutfallið var lágt var ákveðið að skoða heimasíður þeirra skóla sem svöruðu ekki til þess að kanna kennslu fjármála þar.

Með þeim upplýsingum sem lágu fyrir var ályktun rannsakanda sú að fjármál eða fjármálalæsi sé ekki orðið að skyldufagi innan framhaldsskólanna. Það er samt sem áður tekið lítillega fyrir og þá helst í lífsleikniáföngum.

### 4.5 Frekari niðurstöður

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að þrátt fyrir að fjármálalæsi sé komið inn í aðalnámskrá framhaldsskólanna, þá er það einungis lítið brot af því námsefni sem kennt er þar. Af þeim skólum sem svöruðu könnunni var engin skóli með fjármál eða fjármálalæsi sem skyldufag. Skólarnir fléttuðu þó stundum fjármálalæsi inn í aðra kennslu, eins og í lífsleikni, stærðfræði eða bókhalði. Þar er fjármálalæsi einungis tekið fyrir í skamman tíma í senn, eina til tvær vikur og stundum meira. Fjölbrautaskólinn í Ármúla, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Menntaskólinn í Kópavogi bjóða upp á valáfanga í fjármálalæsi þar sem nemendum er kynnt fjármálaleg gildi fyrirtækja,

einstaklinga og samfélags. Áherslan er lögð á fjármál sem hagnýta fræðigreinin sem nýtist vel í námi og starfi (Menntaskólinn við Sund, 2012).

Nokkrir skólar sýndu þó áhuga á því að auka áherslu á fjármálalæsi í kennslu. Oftast var tekið fram að kennarar viðskiptafræðiáfanga og stærðfræðigreina væru þeir sem hvettu til aukinnar fjármálakennslu innan allra deilda framhaldsskólanna. Á meðan á rannsókninni stóð og heimasíður skólanna voru rannsakaðar, sást áhugi nemenda á fjármálalæsi, því í nokkrum skólum var boðið upp á námskeið í fjármálalæsi á sérstökum dögum eins og Lagningardögum (Nemendafélag Menntaskólans í Hamrahlíð, 2010). Á slíkum dögum er kennsla brotin upp og ýmis námskeið í boði fyrir nemendur. Þar ákveða nemendurnir sjálfir hverjir það verða sem halda námskeið og fyrirlestra.

Námsefnið sem notað er til kennslu í fjármálalæsi er einnig mjög breytilegt. Sumir skólar virtust ekki hafa neitt sérstakt námsefni á meðan aðrir skólar notuðu til dæmis bókina „Ferð til fjár“ eftir Breka Karlsson eða fjármála- og neytendafræðsluforritið Fjárann. Það er umhugsunarefni að fjármálalæsi er sagt vera í skyldunámi en kennslan er samt sem áður mjög brotakennd.

Til þess að fá dýpri innsýn í kennslu í fjármálalæsi á grunnskólastigi, var haft samband við einn grunnskóla til þess að sjá hvernig kennslu í fjármálalæsi væri háttað þar. Grunnskólinn í Hveragerði varð fyrir valinu sökum þess hve aðgengilegur hann var fyrir rannsakanda. Í Grunnskólanum í Hveragerði hafa margar aðferðir verið prófaðar við kennslu í fjármálalæsi (Guðríður Aadnegard og Ari Eggertsson munnleg heimild, 29. mars 2012). Skólinn hefur fengið aðstoð utanaðkomandi aðila, eins og frá Arion banka og Landsbankanum. Landsbankinn er með gagnvirkan hermileik sem heitir „Raunveruleikurinn“ og er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk. Með Raunveruleikanum geta nemendur fengið innsýn í ýmislegt sem venjulegur þjóðfélagsþegn þarf að takast á við í lífshlaupi sínu. Þetta er svo keppni á milli þeirra nemenda sem taka þátt og geta bæði nemendur og skólar unnið til verðlauna. Þátttakendur skrá sig inn alla virka daga og vinna þar verkefni á meðan á leiknum stendur. Til þess að leysa verkefni í leiknum þarf að taka fjölda ákvarðana, fylgjast með fréttum og vinnumarkaði. Í leiknum taka nemendur svo ýmsar ákvarðanir sem fólk stendur almennt frammi fyrir, eins og varðandi nám, varðandi það að sækja um vinnu, sparnað o.fl. (Raunveruleikurinn, e.d.). Grunnskólinn í Hveragerði hefur einnig notað bókina *Hvað kosta ég?* við kennslu í 8.-9.



bekk (Guðríður Aadnegard og Ari Eggertsson munnleg heimild, 29. mars 2012). Með stuttum og hnitmiðuðum texta kynnir bókin einföld fjármálhugtök fyrir nemendum. Fjöldi verkefna og umræðuefna að finna í bókinni sem eiga að vekja áhuga unglinga á eigin fjármálum (Fjármálaskólinn, e.d.). Grunnskólinn í Hveragerði hefur einnig kennt námsefnið *Ég er það sem ég vel*. Það námsefni er hugsað fyrir lífsleiknikennslu og þar er fjallað um atriði eins og réttindi neytenda, neyslu og umhverfi, verð og gæði matvæla, auglýsingar og áhrif þeirra og það að læra rata eftir leiðbeiningum (Námshagkerfi, 2001). Námsefnið í grunnskólanum í Hveragerði er því ekki nægilega markvisst og líklegt er að það sama gildi um grunnskóla almennt, það er að ekki sé til markvisst námsefni til þess að sinna markvissri kennslu í fjármálalæsi.

#### 4.6 Ályktanir og tillögur

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem fengust í könnuninni, má draga þá ályktun að þar sé farið eftir því sem stendur í *Aðalnámsskrá framhaldsskóla*: „Neytendafraeðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð“ (bls. 18). Þó svo að kennsla í fjármálalæsi sé ekki sérstakur áfangi í kjarna námsins, þá er fjármálalæsi tengt við annað nám með ýmsu móti. Enda þótt fjármálalæsi sé ekki veigamikill þáttur í kennslunni, enn sem komið er, þá fer áhugi fyrir fjármálalæsi vaxandi, bæði hjá nemendum, kennurum og foreldrum (Foreldraráð FG, 2011). Gera þyrfti ítarlegar rannsóknir á fjármálalæsi í grunnskólunum en þó er ljóst að kennsla í því mætti vera markvissari.

Hafa ber fyrirvara á varðandi könnunina, því hún var óformleg og einföld í sniðum. Ef meiri tími hefði gefist til, hefði verið mögulegt að gera könnunina áreiðanlegri með því að ná beint til allra skólanna, t.d. með því að panta viðtöl við alla námsráðgjafa skólanna, og jafnvel með umfangsmeiri spurningalista fyrir nemendurna.

Í rannsóknum sem síðar kunna að verða gerðar, væri áhugavert að skoða áhuga nemenda og kennara á fjármálalæsi. Fróðlegt væri einnig að gera ítarlegri könnun í grunnskólum og skoða hvernig staðan væri þar á kennslu í fjármálalæsi. Fram kom í skýrslu viðskiptaráðuneytisins að mikilvægt sé að mæla árangur í fjármálalæsi og því væri gott að gera það fyrir og eftir markvissa kennslu námsefnis í fjármálalæsi.

## 4.7 Takmarkanir

Takmarkanir rannsóknarinnar voru nokkrar. Páskafrí var á næsta leyti á meðan á rannsókninni stóð. Margir voru því farnir í frí og margir fundir voru haldnir á þessum dögum sem rannsókn stóð yfir. Þrátt fyrir nokkrar tilraunir til þess að ná í námsráðgjafa skólanna, þá tókst það ekki í öllum tilfellum. Þá var þá tekin sú ákvörðun að skoða heimasíður skólanna til að fylla upp í myndina. Slíkt gefur þó ekki jafn nákvæm svör og getur þetta skekkt niðurstöðurnar að einhverju leyti. Einnig óskuðu nokkrir skólar eftir því að erindið yrði sett fram í tölvupósti til námsráðgjafa, kennara eða áfangastjóra. Það var gert en engin svör höfðu borist fyrir vinnslu þessarar rannsóknar.

Einnig var spurningalistinn sem ætlaður var nemendum í skylduáfangi á fjármálalæsi ekki notaður, þar sem enginn slíkur áfangi virtist vera til staðar. Í þessum spurningalista átti meðal annars að spyrja um viðhorf nemenda til námsins og hvort áhugi þeirra væri mikill. Þó væri hægt að leggja þennan spurningalista fyrir framhaldsskólanema og þá aðeins skoða áhuga þeirra til kennslu í fjármálum.

Það kom í ljós að spurningin: „En hvers vegna er ekki skylduáfangi í fjármálalæsi?“ átti ekki við, vegna þess að þeir skólar sem kenndu fjármálalæsi í öðrum áföngum, eins og lífsleikni eða stærðfræði, töldu það vera þá skyldu sem um væri að ræða.

Kennsla í fjármálalæsi hefur ekki verið sem skyldi og er því nauðsynlegt að byrja á því að skoða fyrri skrefin. Kennsla í fjármálalæsi í grunnskólum er jafn mikilvæg og í framhaldsskólum og mikið er til af ágætu námsefni. Því er mikilvægt að skoða alla þá möguleika sem standa til boða.

## 5 Aflatoun

### 5.1 Hvaðan kemur Aflatoun?

Stofnun um fjármálalæsi hefur barist fyrir auknu vægi fjármálalæsis í grunn- og framhaldsskólum Íslands. Fyrsta skref stofnunarinnar var að gefa út bókina *Ferð til fjár*, sem nú er kennd í nokkrum framhaldsskólum landsins. Næsta skref hjá þeim er að þróa námsefni fyrir grunnskólana. Stofnun um fjármálalæsi hafði því samband við forsvarsmenn verkefnis sem nefnist Aflatoun og er nú að þýða námsefni þeirra yfir á íslensku og aðlaga það að okkar menningu (Breki Karlsson munnleg heimild, 6. mars 2012).

Aflatoun byrjaði sem tilraunaverkefni í Mumbai á Indlandi árið 1991. Markmiðið var að gefa ríkum og fátækum börnum tækifæri til þess að koma saman og læra um líf hvers annars. Hugmyndin er sú að Aflatoun sé eldhnöttur frá geimnum sem hvetji börn til þess að skoða heiminn og læra eitthvað nýtt. Þetta er gert með leikjum, umræðum og sögum. Indversk börn völdu nafnið Aflatoun eftir skemmtilegri og góðhjartaðri persónu í Bollywood. Aflatoun þýðir líka rannsakandinn, en er einnig arabíska nafnið fyrir Plato, gríska heimspekinginn. Þessar tengingar féllu vel að hugmyndinni og því festist nafnið Aflatoun við verkefnið (Aflatoun, e.d.-a). Það er einnig auðvelt að bera nafnið fram á Íslandi því hefur verkefnið haldið sínu nafni hér, en eldhnötturinn hefur þó fengið nafnið Logi Aflatoun (Breki Karlsson munnleg heimild, 6. mars 2012).

Vegna mikilla upppöta sem urðu í Mumbai árið 1993, brást Aflatoun við með því að einblína á kennslu í mannréttindum, með það að markmiði að berjast gegn fordómum. Árið 2001 var ákveðið að bæta kennslu um frumkvöðlastarfsemi við námið í Aflatoun til þess að sporna við þeirri þróun á þessum tíma að börn væru flutt úr dreifbýlinu yfir í borgirnar, þar sem þau urðu götubörn eða þrælur.

Árið 2005 var ákveðið að fara með Aflatoun til Amsterdam til þess að athuga hvort námsefnið hentaði utan Indlands. Félög í 10 löndum settu Aflatoun námsefnið af stað í framhaldinu. Um leið og Aflatoun módelið var fullþróað í mars 2008, var herferð um félags- og fjármála menntun sett af stað af Maxima prinsessu frá Hollandi. Takmarkið var að ná til einnar milljónar barna í 75 löndum á næstum þrem árum og það náðist (Aflatoun, e.d.-a).

## 5.2 Um hvað snýst Aflatoun?

Til þess að útskýra um hvað Aflatoun snýst, er best að skoða fimm helstu þætti námsefnisins. Þessir fimm þættir fanga bæði félagslega- og fjármála menntun barna. Fyrsti þátturinn í námsefninu snýst um það að rannsaka sjálfan sig og umhverfið. Þar er einnig skoðuð siðfræði fjármála og börnin læra mikilvægi þess að taka að taka réttar fjárhagslegar ákvarðanir á réttum tíma. Annar þátturinn snýst um réttindi og skyldur. Aflatoun byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þar læra börnin hvaða skyldur fylgja réttindum þeirra. Börnin læra einnig um sínar eigin skyldur innan fjölskyldunnar, umhverfisins og samfélagsins. Þriðji þátturinn snýst um sparnað og eyðslu. Þar læra börn hvernig á að leggja fyrir og hvernig hægt er að vera skynsamur í eyðslunni. Fjórði þátturinn snýst um skipulag og fjárhagsáætlanir. Þar læra börnin hvernig þau geti bætt lífskjör sín með því að leggja fyrir og eyða skynsamlega. Fimmti og síðasti þátturinn snýst svo um nýsköpun og hvernig best sé að stofna og reka fyrirtæki sem geti hjálpað samfélaginu á einhvern hátt (Aflatoun, e.d.-b).

Námsefnið í Aflatoun er fyrir börn á aldrinum 6-14 ára. Það er bæði hægt að nota það í formlega og óformlega kennslu, það er að segja inni í skólum en einnig á námskeiðum. Námsefnið er mjög barnvænt og hannað til þess að fá börnin til þess að taka þátt með söngvum, leikjum og verkefnum. Langtímamarkmið Aflatoun er að komast inn í aðalnámskrá allra skóla í heiminum. Aflatoun leggur það til að námsefnið sé aðlagð að hverju landi og menningu fyrir sig. Samt sem áður er reynt að hafa meginstefnur Aflatoun að leiðarljósi. Með þeirri aðferð er reynt að viðhalda meginstefnu Aflatoun en samt að hvetja til nýjunga í náminu í hverju landi fyrir sig.

Eldhnötturinn Aflatoun (í Logi Aflatoun) leiðir börnin í gegnum lærdómsferlið. Hann hjálpar börnunum að tengjast persónuleika sínum og þannig um leið námsefninu. Kjörorð Loga er: „Aðgreina skáldskap frá raunveruleikanum, kanna, hugsa, rannsaka og bregðast við.“ (Aflatoun, e.d.-b).

Námsefninu sem er notað í Aflatoun er skipt í átta vinnubækur sem kennarinn notar til þess að kynna börnunum námsefnið. Námsefnið þyngist smám saman eftir því sem börnin eldast og þroskinn verður meiri. Börnin eru ekki með eina vinnubók, heldur samanstendur námsefnið af kennslubókum, vinnublöðum og leikjum (Aflatoun, e.d.-b). Efni vinnubókanna skiptist niður á eftirfarandi hátt:

Fyrsta bókin: Hér læra börnin um sína eigin sérstöðu og eiga að gera sér grein fyrir því að hver og einn er einstakur. Börnunum er kennt að allir einstaklingar hafi eitthvað sérstakt fram að færa. Sparnaður er kynntur til sögunnar og börnin eru hvött til þess að safna hlutum sem þau eru hrifin af. Mikil áhersla er lögð á sparnað og hversu mikilvægur hann er. Einnig læra börnin um umhverfi sitt, hegðun og hreinlæti (Aflatoun, 2009-a).

Önnur bókin: Hér er fjallað um tengsl barnanna við fjölskylduna, umhverfið og samfélagið. Börnunum er kennt hvernig eigi að hegða sér, um hreinlæti, stundvísi og kennt að það eigi að bera virðingu fyrir öllum. Í fjármálum er fjallað um sparnað og börnum kynntar venjur barna í öðrum löndum. Þeim er einnig kennt hvernig peningar geta uppfyllt þarfir okkar og hvernig sé best að búa í haginn fyrir framtíðina með því að leggja fyrir (Aflatoun, 2009-b).

Þriðja bókin: Kennir sjálfsskoðun, hvernig hægt sé að þekkja tilfinningar sínar og byggja upp sjálfstraust. Hér er börnunum einnig kennd siðfræði og gegnsæi í fjármálum og hvernig eigi að umgangast umhverfi okkar (Aflatoun, 2009-c).

Fjórtða bókin: Hér er fjallað um ábyrga hegðun og ríkisborgararétt og hvernig eigi að bera virðingu fyrir menningu hvers og eins. Einnig er fjallað um færni í skipulagningu og virði peninga (Aflatoun, 2009-d).


Fimmta bókin: Fjallar um þarfir, réttindi og skyldur einstaklinga. Hvernig lýðræði og forysta virkar og hvernig eigi að uppfylla þarfir og öðlast vellíðan. Í fjármálum er kennt um gjöld og sparnað (Aflatoun, 2009-e).

Sjötta bókin: Hér er börnunum kennt hvernig hægt er að sýna frumkvæði og bera ábyrgð. Þá er fjallað um ákvarðanatöku, hópvinnu og samfélagslega ábyrgð. Í fjármálum eru þau frædd um virði peninga (Aflatoun, 2009-f).

Sjöunda bókin: Hér er fjallað um ábyrgð, vinskap og hópvinnu. Börnunum er kennt hvernig hægt er að setja sér fjárhagsleg markmið. Umfjöllun um frumkvöðlastarfsemi heldur áfram í þessari bók, ásamt því að börnin eru frædd um sambandið á milli tekna, gjalda, sparnaðar og fjárfestingar (Aflatoun, 2009-g).

Áttunda bókin: Í síðustu bókinni er sjálfsmyndin skoðuð. Einnig eru staðalímyndir kynjanna skoðaðir og fordómar sem eru í samfélaginu. Börnunum er kennt að bera virðingu fyrir hvort öðru, en einnig að þróa með sér gagnrýna hugsun. Fjallað er um ábyrga neyslu og hvernig best er að fara vel með peninga (Aflatoun, 2009-h).

Til þess að námsefni Aflatoun skili sér sem best er nauðsynlegt að þjálfu kennara. Aflatoun leitast við að upplýsa, þjálfu og hvetja áhugasama kennara, því kennararnir eru lykilinn að þessu lærdómsferli. Aflatoun kallar þetta þjálfunartré og það er nauðsynlegt til þess að ná markmiðum þjálfunarinnar með litlum tilkostnaði. Þjálfunartréð samanstendur af mismunandi stigum þjálfunar; a) þjálfun á samstarfsstofnunum, b) þjálfun stofnana, c) þjálfun þjálfara, d) þjálfun kennara og e) þjálfun barnanna. Þjálfunartré snýst um að margfalda þjálfunina og því er þjálfuninni líkt við tré, eins og sést á mynd 3, það er að segja einn þjálfari er þjálfaður frá Aflatoun og sá er með námskeið og þjálfar 20 aðra kennara. Þeir halda svo áfram og þjálfu aðra 20 kennara. Þá er í heildina komnir 400 kennarar sem geta þá kennt 10.000 börnum ef miðað er við að hver kennari sé með 25 börn (Aflatoun, e.d.-b).



Mynd 2: Þjálfunartréð

### 5.3 Þróun Aflatoun á Íslandi

Eins og fyrr kom fram, er Stofnun um fjármálalæsi í samstarfi við Aflatoun. Aflatoun sýnir þau sex skref sem þarf til þess að innleiða Aflatoun. Fyrsta skrefið er að vekja áhuga á Aflatoun og sannfæra aðra um það að þetta sé góð hugmynd. Annað skrefið er að skipuleggja innleiðingu Aflatoun og fá fylgjendur með sér með alla leið. Þriðja skrefið

er svo að þróa námsefnið. Það hefur í bæði í för með sér það að þýða námsefni sem og að bæta inn efni og dæmum sem eiga við um hvert land fyrir sig. Fjórða skrefið er svo þjálfunin. Ákvarða hvaða kennara og hvernig eigi að þjálfa fyrir þetta verkefni, til dæmis að velja samstarfsskóla sem eru tilbúnir í þetta tilraunaverkefni. Næst síðasta eða fimmta skrefið er svo að koma námsefninu í skólana og styðja við kennarana þegar kennslunni er komið af stað. Mikilvægt er einnig að halda stuðningnum við kennara áfram eftir að námsefnið hefur verið sett á laggirnar. Síðasta skrefið er svo að endurskoða námsefnið reglulega og fylgjast með árangri þess. Gott er að gera mælingar á kennslu og árangri nemenda fyrir og eftir ákveðið tímabil til þess að sjá árangur (Aflatoun, e.d.-c). Stofnun um fjármálalæsi er búin að fara í gegnum fyrstu tvö skrefin, því í dag er Stofnun um fjármálalæsi að þýða og staðfæra námsefnið. Von stofnunarinnar er sú að geta komið þessu af stað sem tilraunaverkefni í nokkrum grunnskólum haustið 2012 (Breki Karlsson, 2011). Eins og fram hefur komið, eru margar úrbætur sem þarf að einblína á og í þessari ritgerð hefur verið fjallað um mikilvægi þess að kenna fjármálalæsi í skólum. En er menntun til eflingar fjármálalæsis það sem þarf að einblína á?

## 6 Er menntunin nóg?

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum kennslu í fjármálalæsi. Hvort það hafi í raun einhver áhrif. Þar skiptast skoðanir fræðimanna mjög í tvö horn. Annars vegar þá sem telja kennsluna gagnlega og hins vegar þá sem telja hana litlu skila.

Lauren E. Willis (2008) skrifaði greinina „Against Financial Literacy Education“, þar sem hún heldur því fram að kennsla í fjármálalæsi skipti litlu máli. Hún telur að fjármálamarkaðurinn í dag sé of flókinn fyrir almenning og jafnvel þó fólk myndi vita enn meira um fjármál en það gerir í dag, þá myndi það ekki duga til. Willis telur að þó svo að fólki fái kennslu, þá skili það aðeins því að það verði öruggara með sig við fjármálaákvæðanir, þó svo að það muni ekki endilega taka þær réttu. Willis ber þetta saman við aðrar atvinnugreinar. Hún tekur sem dæmi að einstaklingar eru ekki sínir eigin læknar eða lögfræðingar og því ættu þeir ekki að vera sínir eigin fjármálasérfræðingar. Willis telur að frekar megi bæta fjármálalmarkaðinn. Hún tiltekur nokkur dæmi um hvernig megi gera það. Ein leiðin sé sú að koma af stað ódýrri eða jafnvel ókeypis fjármálaráðgjöf, sem væri til dæmis styrkt af ríkinu. Fjármálaráðgjöfin myndi veita tekjulitlum einstaklingum tækifæri til þess að taka ákvæðanir án þess að þurfa að kvíða afleiðingunum. Hún telur að þó svo að fjármálaráðgjöf myndi verða dýr fyrir almenning, þá myndi hún samt sem áður kosta minna en kennsla í fjármálalæsi um land allt. Því næst ræðir hún um það að breyta mætti þeirri fjármálaþjónustu sem til boða stendur, þannig að það væri auðveldara fyrir neytendur að velja á milli þeirra kosta sem eru í boði. Það er að segja að kostnaður, ávinningur og gallar þjónustunnar yrðu mjög skýrir, óháð kunnáttu neytenda í fjármálalæsi. Það yrði að einfalda fjármálamarkaðinn og hafa færri þjónustukosti í boði fyrir neytendur, en á móti kæmi að allir myndu sitja við sama borð. Þá nefnir Willis að færa mætti hagsmuni seljenda og kaupenda nær hvor öðrum. Í dag er mikill munur þar á. Seljendur þyrftu að sjá hagsmuni sína í því að fjárfestum gengi vel til lengri tíma litið. Þá telur Willis að fjármálaþjónusta ættu að bera sömu skyldur og aðrar vörur. Það er að segja að hægt væri að fara með það fyrir dómstóla ef þjónustan eða áhættan, sem henni fylgdi, væri ekki eins og hún ætti að vera. Þá talar Willis um það að banna fjármálaþjónustu þar sem áhættan er



mikil. Það myndi að sjálfsögðu hafa afleiðingar í för með sér, en þrátt fyrir að þessar áhættumiklu fjármálaþjónustur væru teknar af markaði, þá myndi það einnig minnka leitina hjá þeim sem fjárfesta aðeins í góðum fjármálaþjónustum.

Þessar ástæður sem nefndar voru, myndu minnka val neytenda og takmarka ábyrgð þeirra, en samt sem áður leyfa þeim að taka sínar eigin ákvarðanir í lífinu. Willis telur að í stað þess að kenna öllum fjármálalæsi væri betra að breyta fjármálamarkaðinum á þann hátt að allir myndu skilja hann. Að hann yrði auðveldari og auðskiljanlegri en nú er raunin. Eins og áður kom fram, telur hún að kostnaðurinn við það að kenna öllum fjármálalæsi yrði miklu meiri en ávinningurinn, því einstaklingar myndu enn taka rangar ákvarðanir bara vegna aukins sjálfstrausts (Willis, 2008).

Hér hafa verið taldir upp bæði kostir og gallar þess að kenna fjármálalæsi. Willis setur fram dæmi um takmarkaðan ávinning af kennslu í fjármálalæsi þar sem kostnaðurinn sé mun meiri en ávinningurinn af kennslunni. Raktar eru ástæður þess að ekki sé ráðlagt að kenna fjármálalæsi, eins og til dæmis það að neytendur myndu aðeins auka sjálfstraust sitt í stað þess að taka endilega réttu ákvarðanirnar í fjármálum og það að ábyrgðin liggi ekki aðeins hjá neytendum, heldur einnig hjá þeim sérfræðingum sem bjóða upp á þessa þjónustu. Í ritgerðinni hafa komið fram rök fyrir því hvers vegna ætti að kenna fjármálalæsi. Því mætti spyrja hvort Íslendingar séu jafn slæmir í fjármálum og hegðun þeirra gefur til kynna. Ef svo er, væri þá mjög skynsamlegt að veita fjármagni í kennslu fjármálalæsis, jafnvel þó áhuginn væri ekki mikill af hálfu nemenda.

## 7 Niðurstöður og umræða

Hin mikla umræða um fjármálalæsi hefur verið hávæð undanfarið og ljóst er að fjármálalæsi er mjög ábótavant á Íslandi (Breki Karlsson, 2011). Tillögur að úrbótum eru margar og þarf að huga að þeim öllum. Lauren E. Willis kemur með mjög áhugaverða ábendingu í skýrslu sinni um það að einstaklingar séu ekki sínir eigin læknar eða lögfræðingar og ættu því ekki að vera sínir eigin fjármálaráðgjafar. En þrátt fyrir það að einstaklingar séu ekki sérfræðingar á öllum sviðum, þá þurfa þeir samt sem áður alltaf að hafa einhverja vitneskju um þau mál sem þá varða. Einstaklingur sem er að fara eignast barn mun ekki verða ljósmóðir eða læknir, en mun samt sem áður kynna sér þessar hliðar til þess að fá betri skilning á aðstæðunum. Eins verða einstaklingar að hugsa um tennur sínar, þrátt fyrir að einstaklingurinn muni ekki gera við þær sjálfur. Fjármálalæsi snýst ekki um það að kenna börnum og unglingum allt það sem varðar fjármál, heldur að gefa þeim tækifæri til þess að taka upplýstar ákvarðanir og að vera meðvituð um hlutina í kringum okkur.

Það að vera fjármálalæsi er ekki eitthvað sem lærist á einum degi. Við þurfum að fá góðar upplýsingar til þess að geta áttað okkur á umhverfinu og verið þátttakendur í því sem er að gerast í samfélaginu. Tillögur að úrbótum eru margar og oftast eru talað um kennslu í fjármálalæsi í því samhengi. Kennsla fjármálalæsis á Íslandi er komin af stað að einhverju leyti en miðar of hægt. Magnús Orri Schram, alþingismaður, vildi vekja athygli á þessu máli (2011). Hann ræddi um það að árið 2009, þegar skýrsla Fjármálaráðuneytisins var gefin út, hefði verið rætt um mikilvægi að koma fjármálalæsi inn í aðalnámskrá skóla landsins. Magnús kom því þeirri spurningu á framfæri við menntamálaráðherra, hver staðan væri á fjármálalæsi innan skólanna í dag (2011). Menntamálaráðherra svaraði:

Ég vil byrja á að segja frá því að ég staðfesti í vor nýjar aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem tóku gildi 1. ágúst síðastliðinn og er ætlunin að innleiða þessar námsskrár á næstu þremur árum. Aðalnámskrá er nokkurs konar rammi um allt skólastarf á þessum þremur skólastigum, leiðsögn um tilgang þess, markmið og er nánari útfærsla á lögum um viðkomandi skólastig (Katrín Jakobsdóttir, 2011).

Svo sannarlega er orðinu fjármálalæsi komið fyrir inn í aðalnámskrá framhaldsskólanna og eins er læsi nefnt í aðalnámskrá grunnskólanna (Menntamálaráðuneytið, 2011). En það sem mætti skoða í dag er hvað skólarnir eru að gera. Þó svo að þetta sé komið inn í námsskrárnar, er verið að sinna þessu af fullri alvöru?

Samkvæmt rannsókn þessarar ritgerðar töldu fulltrúar flestra framhaldsskóla að þeir væru með fjármálalæsi sem skylduáfangi. En þegar rannsakandi fór að grennslast betur fyrir, þá kom í ljós að þetta var aðeins brotabrot af heilu námskeiði. Fjármálalæsi er oftast kennt með öðrum greinum, eins og lífsleikni og stærðfræði, og því mætti skoða hvort fjármálalæsi fái næga athygli skólanna. Flestir viðskiptafræðikennarar framhaldsskólanna voru á sama máli um það að koma þyrfti að kennslu og þjálfun í fjármálalæsi í kjörsvið allra brauta. Það þarf einnig að auka umræðu og almenna fræðslu og þjálfun í fjármálalæsi, því eins og fyrr hefur komið fram, þá eru foreldrar fyrirmyndir barna sinna.

Með því að vera fjármálalæsir geta einstaklingar undirbúið sig undir lífið sama á hvaða stað þeir eru. Hvort sem þeir eru menntaðir, ómenntaðir, í vel launaðri vinnu eða ekki. Þess vegna er fjármálalæsi svo mikilvægt. Það þarf að taka þennan kvíða frá fólki. Fólk ætti ekki að hafa áhyggjur í marga mánuði áður en jólin koma um það að þau verði svo fjárhagslega erfið. Þetta snýst um að nota það sem við höfum. Kunna að leggja fyrir, halda bókhald og þekkja okkar fjármál.

## 8 Lokaorð

Vegna þær yfirlýsingar sem bæði OECD og ESB hafa komið með um slæmt fjármálalæsi á Íslandi síðastliðin ár, setti íslenski viðskiptaráðherra af stað teymi, árið 2008, sem skyldi rannsaka stöðu þess héraendis og kanna hvert vandamálið væri. Breki Karlsson, sem unnið hefur mikið í þessu verkefni, tók að sér að gera rannsóknina fyrir hönd Stofnunar um fjármálalæsi, ásamt Bryndísi Björk fyrir hönd Rannsóknar og greiningar, en Breki hafði einnig gert rannsókn á fjármálalæsi árið 2005 og svo veitt aðstoð við samanburðarrannsókn árið 2009.

Þetta var kjörin leið til þess að koma skilaboðunum áfram og kynna vandamálið fyrir almenningi. Fyrst þurfti að útskýra fjármálalæsi og hvað það hefur í för með sér. Skipti einhverju máli hvort fólk væri fjármálalæst eða ekki? Skýrslan kom út eftir efnahagshrunið og hafði það eflaust mikil áhrif á það hversu mikil umræðan varð. Ýmsar vangaveltur voru um það hvort að slæmt fjármálalæsi Íslendinga væri ástæðan fyrir efnahagshruninu. Allir voru þó á einu máli um það að við þyrfti að bregðast. Í skýrslunni á vegum viðskiptaráðuneytisins (2009) voru settar fram tillögur um úrbætur. Stofnun um fjármálalæsi lýsti þremur megináðferðum til þess að sporna við lélegu fjármálalæsi og Fjármálaskólinn var settur á laggirnar á vegum Skólavefsins. Aðaláherslan var lögð á námið og að fjármálalæsi skyldi fara inn í alla skóla landsins og alla yngstu bekkina. Flestir eru sammála um ágæti kennslu í fjármálalæsi og því er fagnað að það hafi verið sett í aðalnámskránnar.

Þrátt fyrir góðan ásetning hefur þó lítið áunnist enn sem komið er. Aðeins ein setning er í hvorri námsskrá fyrir sig sem mælir fyrir um kennslu þessa ágæta efnis og skólarnir standa sig misjafnlega vel. Sá grunnskóli sem rannsakaður var hér, hefur kennt fjármálalæsi eftir sinni bestu getu og prófað sig áfram með það sem í boði er. Þeir framhaldsskólar sem voru rannsakaðir fara svipaðar leiðir í kennslu í fjármálalæsi. Kennslan er sett fram meðfram kennslu í öðrum áföngum þar sem það þykir henta. Fjármálalæsi á undir högg að sækja og nemendur fá aðeins einnar eða tveggja vikna kennslu um þetta efni sem gæti nýst þeim vel um alla framtíð.

Þegar litið er til þess að nemendur, kennarar og foreldrar vilja aukna fræðslu og áherslu á fjármálalæsi og að skólarnir hafa lent í vandræðum við að finna hvaða námsefni henti þar best, þá er kjörið að skoða hið skemmtilega nám sem Aflatoun býður upp á. Aflatoun er félags- og fjármála námsefni fyrir börn á aldrinum 6-14 ára. Þar eru börnin frædd um mannréttindi, skyldur og réttindi og ýmislegt um fjármál. Einnig eru þau hvatt til frumkvöðlastarfsemi og ýtt undir það að þau stofni sitt eigið fyrirtæki sem stuðli að því að bæta samfélagið. Margir einstaklingar sem hafa verið á þessu námskeiði hafa náð því að safna háum upphæðum og að stofna fyrirtæki sem hafa verið í rekstri í meira en fimm ár. Aflatoun er einnig komið með efni fyrir börn sem eru eldri en 14 ára og heitir það efni Aflateen.

Aflatoun gæti verið það sem Íslensk menntamálayfirvöld hafa verið að leita að. Þar er komið inn á ýmislegt fleira en fjármál og námsefnið er gert aðlaðandi fyrir börnin. Mikilvægt er að kennsla í fjármálalæsi sé fjölbreytt og taki mið af framboði á fjármálamarkaði og það er einmitt það sem Aflatoun gerir. Það hvetur til breytinga í námsefninu með því að kenna ekki beint upp úr einni kennslubók. Námsefnið snýst um það að börnin taki þátt og séu virk í kennslustundum.

Höfundur telur að allir þeir sem þiggja laun, ætla að eignast hús eða fá lán, þurfi að hafa grunnþekkingu í fjármálum og því sé fræðsla um fjármál afar mikilvæg. Það er mikilvægt að allir þeir sem útskrifast úr grunn- og framhaldsskólum hafi viðeigandi færni til þess að takast á við þær ákvarðanir sem þeir standa frammi fyrir. Einnig er mikilvægt fyrir neytendur að gera raunhæfar væntingar um eigið fjárhagslegt sjálfstæði og að láta ekki ytri þætti fjármálalæsis hafa áhrif og það gera þeir með því að efla innri þættina. Því er allri þróun í fræðslu um fjármálalæsi fagnað og það er mikilvægt að hvetja en frekar til þess með umræðum og skemmtilegu námsefni.

## Heimildaskrá

- Aflatoun. (2009, júní-a). *The aflatoun series – book 1 (4. útgáfa)*. [Rafræn útgáfa]. Amsterdam: Höfundur.
- Aflatoun. (2009, júní-b). *The aflatoun series – book 2 (4. útgáfa)*. [Rafræn útgáfa]. Amsterdam: Höfundur.
- Aflatoun. (2009, júní-c). *The aflatoun series – book 3 (4. útgáfa)*. [Rafræn útgáfa]. Amsterdam: Höfundur.
- Aflatoun. (2009, júní-d). *The aflatoun series – book 4 (4. útgáfa)*. [Rafræn útgáfa]. Amsterdam: Höfundur.
- Aflatoun. (2009, júní-e). *The aflatoun series – book 5 (4. útgáfa)*. [Rafræn útgáfa]. Amsterdam: Höfundur.
- Aflatoun. (2009, júní-f). *The aflatoun series – book 6 (4. útgáfa)*. [Rafræn útgáfa]. Amsterdam: Höfundur.
- Aflatoun. (2009, júní-g). *The aflatoun series – book 7 (4. útgáfa)*. [Rafræn útgáfa]. Amsterdam: Höfundur.
- Aflatoun. (2009, júní-h). *The aflatoun series – book 8 (4. útgáfa)*. [Rafræn útgáfa]. Amsterdam: Höfundur.
- Aflatoun. (e.d.-a). *Aflatoun comes from*. Sótt 6. apríl 2012 af <http://www.aflatoun.org/story/story-selected/aflatoun-comes-from>
- Aflatoun. (e.d.-b). *Aflatoun - Child social and financial education*. Sótt 6. apríl 2012 af <http://www.financial-education.org/dataoecd/20/58/40108882.pdf>
- Aflatoun. (e.d.-c). *Start a programme*. Sótt 6. apríl 2012 af <http://www.aflatoun.org/programme/programme-selected/start-a-programme>
- Arion banki. (2010, september). *FJÁRmál hefja göngu sína á ný*. Sótt 4. apríl 2012 af <http://www.arionbanki.is/?PageID=853&NewsID=9090>
- Blumberg, B. Cooper, D. R. og Schindler, P. S. (2005). *Business research methods*. London: McGraw-Hill Education.
- Breki Karlsson. (2010). *Ferð til fjár – Leiðarvísir um fjármál fyrir ungt fólk*. Reykjavík: Oddi.
- Breki Karlsson. (2011). *Samfélagið í nærmynd*. Ríkisútvarpið, Rás 1. 3. nóvember – 22. desember 2011.

- Breki Karlsson og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2009). *Rannsókn á fjármálalæsi á Íslandi*. Reykjavík: Stofnun um fjármálalæsi og Rannsókn og greining.
- Cory, S.N. og Pickard, A.D. (2008). *2 + 2 = ? Strategic Finance*, 89(11), 49-52.
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (e.d.). *Rannsóknir*. Sótt 2. apríl 2012 af <http://www.fel.hi.is/adferdir>.
- Fjármálaskólinn. (e.d.). *Hvað er fjármálaskólinn?* Sótt 2. apríl 2012 af <http://www.fjarmalaskolinn.is/node/81>
- Foreldraráð Fjölbrautaskólans í Garðabæ. (2011). *Könnun á viðhorfum foreldra*. Sótt 2. apríl af [http://www.fg.is/Files/Skra\\_0047803.pdf](http://www.fg.is/Files/Skra_0047803.pdf)
- Gunnhildur Steinarsdóttir. (2012, mars). *Fræðsla um smálána nauðsynleg*. DV. Sótt 22. mars 2012 af <http://www.dv.is/consumer/2012/3/15/fraedsla-um-smalan-naudsynleg/>
- Hitt húsið. (e.d.). *Klár í kreppu?* Sótt 2. apríl 2012 af <http://hitthusid.is/category.aspx?catID=4197>.
- Jón Sigurður Karlsson. (2009, 21. september). *Fjármálalæsi eftir hrun*. Sótt 20. mars 2012 af <http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=190&pid=18>.
- Katrín Jakobsdóttir. (2011). Fjármálalæsi. *Alþingistíðindi B-deild*, Sótt 4. apríl af <http://www.althingi.is/altext/raeda/140/rad20111205T163601.html>
- Magnús Orri Schram. (2011). Fjármálalæsi. *Alþingistíðindi B-deild*, Sótt 4. apríl af <http://www.althingi.is/raeda/140/rad20111205T163301.html>
- Menntamálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011*. Sótt 15. mars 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3954>
- Menntaskólinn við Sund. (2012). *Valgreinalýsingar 2012 – 2013*. Sótt 20. apríl 2012 af <http://msund.is/page.asp?id=2530&x=>
- Morgunblaðið. (2009, 7. maí). *Íslendingar falla í fjármálalæsi*. Sótt 20. mars 2012 af [http://mbl.is/frettir/innlent/2009/05/07/islendingar\\_falla\\_i\\_fjarmalalaesi/](http://mbl.is/frettir/innlent/2009/05/07/islendingar_falla_i_fjarmalalaesi/)
- Námsháskólan. (2001). *Ég er það sem ég vil*. Sótt 17. mars 2012 af <http://www.namsgagnastofnun.is/thuert/1-4bekkur.pdf>
- Nemendafélag menntaskólans í Hamrahlíð. (2010). *Dagskrá lagningardaga*. Sótt 2. apríl 2012 af <https://docs.google.com/viewer?url=http://www.nfmh.is/lagno/lagno.baeklingur.2010.pdf>

OECD. (2005). *Improving financial literacy: analysis of issues and policies*. Sótt 20. mars 2012 af [http://www.keepeek.com/Digital-Asset-Management/oced/finance-and-investment/improving-financial-literacy\\_9789264012578-en](http://www.keepeek.com/Digital-Asset-Management/oced/finance-and-investment/improving-financial-literacy_9789264012578-en)

Raunveruleikurinn. (e.d.). *Um raunveruleikinn*. Sótt 2. apríl 2012 af <https://www.raunveruleikurinn.is/>.

Stofnun um fjármálalæsi. (e.d.-a) *Rannsóknir*. Sótt 20. mars 2012 af <http://feis.squarespace.com/rannsoknir/>

Stofnun um fjármálalæsi. (e.d.-b). *Um stofnunina*. Sótt 20. mars 2012 af <http://feis.squarespace.com/umstofnunina/>

Viðskiptaráðuneytið. (2009). *Fjármálalæsi á Íslandi – skýrsla á vegum viðskiptaráðherra*. Reykjavík: Höfundur.

Vordís Svala Jónsdóttir, Hugrún Ester Sigurðardóttir, Haukur Freyr Gylfason og Kári Kristinsson. (2009). *Fjármálalæsi framhaldsskólanema árið 2005 og 2009*. Sótt 20. mars 2012 af [http://www.ibr.hi.is/sites/files/ibr/vorradstefna\\_radstefnurit1.pdf](http://www.ibr.hi.is/sites/files/ibr/vorradstefna_radstefnurit1.pdf).

Willis, L. E. (2008, mars). *Against Financial Literacy Education*. Sótt þann 13. mars 2012 af [http://works.bepress.com/lauren\\_willis/1](http://works.bepress.com/lauren_willis/1)

Yegidis, B. L. og Weinbach, R. W. (2009). *Research methods for social workers* (6. útg.). Boston: Allyn og Bacon.



## Viðauki A - Spurningalisti

Góðan daginn. Halla Eyjólfsdóttir heiti ég. Ég er nemandi í viðskiptafræði í Háskóla Íslands og ég er að gera lokaritgerðina mína núna í vor. Ég er að skrifa um fjármálalæsi og langaði að athuga hvernig staðan er í framhaldsskólum landsins í þeim málum. Því þætti mér vænt um ef þú gætir svarað nokkrum spurningum fyrir mig.

1. Eru þið með skylduáfanga í fjármálum eða fjármálalæsi (Fjármálalæsi er getan til þess að lesa, greina, stjórna og fjalla um fjármálalegu þætti sem hafa á efnahagslega velferð einstaklinga)? (Ef svarið er nei, þá sp. 7)
2. Eru allir nemendur skólans skyldugir til þess að taka þennan áfanga?
3. Hvers vegna var ákveðið að hafa áfanga eins og þennan í námsskránni hjá ykkur?
4. Er möguleiki á því að nálgast kennsluáætlun þessa áfanga hjá ykkur?
5. Og væri jafnvel möguleiki að fá að senda stutta spurningakönnun á nokkra nemendur í þessum áfanga?
6. Eitthvað fleira eða einhverjar spurningar?
7. Í aðalnámskrá framhaldsskóla stendur orðrétt:
  - a. Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð.
8. En hvers vegna er ekki skylduáfangi í fjármálalæsi?
9. Hefur verið íhugað að hafa um áfanga um fjármálalæsi (þá um þau efni sem snerta viðkomandi t.d. yfirdrátt, smálán og fleira) sem valáfanga? Getur verið að áhugi nemenda sé ekki til staðar?
10. Er fjármálalæsi kennt inní lífsleiknitímum hjá ykkur eða bara alls ekki kennt?
11. Er það hlutlaus aðili sem kemur og kennir eða aðili frá fjármálastofnun?

12. Væri áhugi á því að fá hlutlausan aðila (svo sem til dæmis frá Stofnun um fjármálalæsi)? Hvers vegna / ekki?
13. Eitthvað fleira eða einhverjar spurningar?